ing, þar eð tilskipun 11. júlí 1800, 18. gr. ákveður ekki neina borgun fyrir þess konar starf, enda hefur — eptir því sem nú hefur verið upplýst — borgunar aldrei verið beðizt fyrir þetta og heldur ekki greidd, og þareð aukatekjureglugjörðin 10. september 1830, 54. gr. ekki getur náð til yfirdómaranna, sem samkvæmt tilskipun 11. júlí 1800, 5. gr., hafa laun sín af konungi, og þar eð þeim eru ekki veittar til launa aukatekjur þær sem koma við yfirdóminn, einkum þar eð það virðist, að gjöld við yfirdóminn verði einungis greidd eptir 12. gr. aukatekjureglugjörðarinnar. 1855. 22.desemb.

---

48. Brjef dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi um stefnur til hæztarjettar. 22.desemb.

Þar eð það á seinni tíð opt hefur borið við, þegar hæztarjettarstefnur í málum, sem skotið er til hæztarjettar frá Íslandi, hafa verið sendar til Íslands til að birta þær hlutaðeiganda, að þær eru aptur sendar hingað þannig, að stefnuvottarnir skrifa vitnisburð sinn á stefnuna, um að hún hafi verið birt, á íslenzku, án þess hann sje útlagður á dönsku, vildi jeg, sökum þess að það dregur óviðurkvæmilega úrslit málanna þegar senda þarf aptur stefnurnar til Íslands, til þess að gjörð verði staðfest útlegging af áskript stefnuvottanna, biðja herra (stipt)amtmanninn[1], að bjóða (bæði bæjarfógetanum í Reykjavík og) öllum sýslumönnum í yðar umdæmi, að þeir á sjálfa hæztarjettarstefnuna framvegis skrifi staðfesta danska útlegging á áskript stefnuvotta um að þeir hafi birt hana hlutaðeiganda, áður en hún er send hingað aptur.

1) það sem er í svigum stendur ekki í brjefunum til hinna amtmannanna.